

178. skólanefndarfundur Menntaskólans á Egilsstöðum

haldinn í ME miðvikudaginn 4. febrúar 2026

Mætt voru úr skólanefnd: Skúli Björn Gunnarsson, Þorvaldur P. Hjarðar sem varamaður, Stefán Bogi Sveinsson og Magnús Jónsson. Aðrir aðal- og varamenn voru fjarstaddir. Af áheyrnarfulltrúum voru mætt: Steinunn Snædal f.h. foreldra og Katrín Högnadóttir f.h. kennara. Fulltrúi nemenda var forfallaður. Fundinn sátu einnig Árni Ólason skólameistari og Eyrún Arnardóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá fundar:

1. Skóladagatal næsta skólaárs
2. Starfsmannamál - námsleyfi
3. Fjármál - útlit um afkomu nýliðins árs
4. Niðurstöður Skólapúlsins
5. Búnaðarkaup á nýju ári
6. Fundargerðir kennarafunda
7. Önnur mál.

Fundur var settur kl. 17:00 og gengið til dagskrár.

1. Skóladagatal næsta skólaárs

Skólameistari kynnti skóladagatal næsta skólaárs. Skólanefnd gerir ekki athugasemdir við skóladagatalið. Í samhengi við það var rætt um samninga um útleigu húsnæðis skólans til hótélreksturs að sumarlagi. Núgildandi samningur gildir út þetta ár og við gerð nýrra samninga þarf að gera ráð fyrir svigrúmi til endurbóta á heimvistarhúsnæði skólans á næstu árum.

2. Starfsmannamál - námsleyfi

Skólameistari fór yfir starfsmannamálin. Einn kennari hefur fengið námsleyfi næsta skólavetur og leita þarf að staðgengli fyrir hann. Jafnframt þarf að tryggja ráðningu raungreinakennara á vormánuðum.

3. Fjármál - útlit um afkomu nýliðins árs

Skólameistari sýndi rekstrarniðurstöðu ársins 2026. Samkvæmt upplýsingum frá fjármálaskrifstofunni er búið að loka bókhaldi ársins og ekki von á fleiri tilfærslum. Niðurstaðan er halli upp á um 26 m.kr. sem telst vera innan ásættanlegra marka. Aðhaldsaðgerðir síðasta árs virðast því hafa skilað tilsettum árangri. Að mati stjórnenda skólans og skólanefndar má hins vegar ekki ganga harðar fram án þess að það fari að koma verulega niður á námsframboði og þar með aðsókn. Rýnt var sérstaklega í sértekjur en þær ná ekki frekar en fyrri daginn þeirri upphæð sem gert er ráð fyrir í fjárlögum hvers árs og vitna um misræmið milli fjárlaga og raunverulegra áætlana skólans.

4. Niðurstöður Skólapúlsins

Niðurstöður út úr Skólapúlsinum á haustmisseri var ekki góð og sýndi aukið ofbeldi, einelti og vanlíðan nemenda. Gripið var til aðgerða til að mæta því og nokkrir nemendur þurftu frá að hverfa vegna brota á skólareglum. Þá er búið að læsa heimavistinni á næturnar til að tryggja betri svefnfrið. Það er upplifun skólastjórnenda að eftir áramót sé bæði betri hegðun hjá nemendum og betri líðan.

5. Búnaðarkaup á nýju ári

Skólameistari fór yfir kaup á nýjum búnaði fyrir starfsemi og námsaðstöðu. Húsgögn hafa verið keypt í matsal (borð og stólar) og verið að kaupa laserskera í tæknismiðju og hækkanleg borð í listastofur og brennsluofn. Þessi kaup eru fjármögnuð bæði með tækjakaupasjóði skólans en einnig með framlögum úr Skólasjóði ME sem hefur áður verið nýttur til að bæta aðstöðu listnámsbrautar og tæknismiðju.

6. Fundargerðir kennarafunda

Fundargerð síðasta kennarafundar sem haldinn 02.02.2026 var kynnt.

7. Önnur mál

a. Boðaðar breytingar á framhaldsskólastigi

Í kjölfar síðasta skólanefndarfundar og eftir að skólameistara hafði verið tilkynnt að hann fengi ekki endurráðningu á komandi vori sendi nefndin opið bréf til þáverandi menntamála og barnamálaráðherra. Bréfið fékk umfjöllun í fjölmiðlum en engin svör hafa enn borist úr ráðuneytinu. Formanni skólanefndar falið að ganga eftir svari.

Skólameistari greindi frá því að í síðustu viku hefði hann ásamt öðrum skólameisturum framhaldsskóla setið fund með Ingu Sæland nýjum mennta- og barnamálaráðherra. Sá fundur hefði verið góður og farið í að móta starfsemi skrifstofu framhaldsskólanna inni í ráðuneytinu. Af því sem kom fram á fundinum hefði mátt ráða að boðaðar breytingar um svæðisskrifstofur og fleira hefðu verið teknar til endurskoðunar.

b. Færsla á samfélagsmiðlum tengd ME

Rætt var um ný birta færslu fyrrum nemanda ME á samfélagsmiðlum er varðaði áratugagömul mál tengd samskiptum starfsfólks og nemenda við skólann. Eftir góðar umræður var samþykkt að setja það í hendur formanns skólanefndar og skólameistara að bregðast við færslunni með uppbyggilegum hætti.

Fleira ekki rætt og fundið slitið kl 18:40.

Undirritunarsíða

Skúli Björn Gunnarsson

Stefán Bogi Sveinsson

Magnús Jónsson

Þorvaldur P Hjarðar